

Starfendarannsóknir skólaárið 2018-2019

Nítján kennarar og tveir stjórnendur við MS tóku þátt í starfendarannsóknnum veturinn 2018-2019. Ráðgjafi hópsins var Hafþór Guðjónsson.

Þátttakendur: Ágúst Ásgeirsson, Dóra Kristín Sigurðardóttir, Elín Jóhannsdóttir, Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir, Gunnvör Rósa Eyvindardóttir, Hafsteinn Óskarsson, Helga Sigríður Þórsdóttir, Hjördís Þorgeirsdóttir, Ileana Manolescu, Jóhann G Thorarensen, Jóna Guðbjörg Torfadóttir, Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, Melkorka Matthíasdóttir, Ósa Knútsdóttir, Rannveig Hulda Ólafsdóttir, Sigrún Bryndís Gunnarsdóttir, Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Sigurrós Erlingsdóttir, Unnur Sigmarsdóttir, Þorbjörn Guðjónsson, Þóra Víkingsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir

Starf vetrarins var að nokkru leyti með breyttu sniði þar sem hópnum var skipt í tvo minni starfshópa sem funduðu á milli þess að hópurnir fundaði í heild sinni. Ástæða þessa var einkum lítið svigrúm til fundahalda og þar sem fimmtudagsfundargatið er svo knappt voru meðlimir sammála um að það væri árangursríkara að nýta það til funda í smærri hópum. Annar starfshópurinn setti sér það markmið að finna leiðir í kennslu sinni til að örva skilning og gagnrýna hugsun nemenda, gjarnan með leiðsagnarnám í huga. Hinn starfshópurinn ákvað að einbeita sér að því hvernig nýta má langar kennslustundir á sem bestan hátt og vinna að gerð verkefna í anda leiðsagnarnáms. Þróunin varð sú að hópurnir breyttist í leshóp.

Haldnir voru 5 fundir fyrir allan hópinn en minni starfshópar funduðu hvor um sig 4 sinnum yfir skólaárið. Yfirstandandi þróunarverkefni um leiðsagnarnám var mjög gagnlegt því margir kennarar tóku bæði þátt í því og starfendarannsóknunum og má segja að þessi tvö verkefni hafi tvinnast vel saman.

Eins og áður hamlar það nokkuð starfseminni að erfitt er að finna hentugan fundartíma en fundargat á fimmtudögum er of knappt til starfseminnar, auk þess sem það er einnig notað til óreglulegrar kennslu.

Skipting hópsins í tvo starfshópa mæltist misvel fyrir og tel ég farsælast að hópurnir starfi sem ein heild. Þarf þá að finna rýmri fundartíma til starfsins næsta skólaár.

Fundir skólaársins:

12.9. 2018. Starfsárið hófst á því að kennarar úr tveimur greinum, íslensku og stærðfræði, sögðu frá því hvaða áhrif breytt fyrirkomulag náms við MS (3 annir og símat) hefur haft á kennsluhætti og námsmat kennara í greinunum. Sigurrós Erlingsdóttir og Hjördís Alda Hreiðarsdóttir töluðu fyrir hönd íslenskunnar og Ileana Manolescu fyrir hönd stærðfræðinnar.

Fyrirkomulag starfsins var rætt á fundinum og var ákveðið að skipta hópnum í tvo minni starfshópa eftir áhugasviði kennara.

Okt. – des. 2018. Litlir starfshópar funda tvisvar sinnum.

12.12. 2018. Fundur alls hópsins. Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir segja frá rannsóknnum sínum.

Jan.-feb. 2019. Litlir starfshópar funda tvisvar sinnum

25.3.2019. Heimsókn frá Langholtsskóla. Kennarar úr Langholtsskóla kynna Smiðjur á unglíngastíginu – Sprellifíx

11.4. 2019. Fundur með Phil Whitehead, sérfræðing í starfendarannsóknnum

15.5. 2019. Sameiginlegur lokafundur starfendarannsóknna og leiðsagnarnáms. Kennarar kynna rannsóknir sínar.

Ólafur Þórisson kynnti rannsókn sína í meistaranámi við HÍ

Lóa Steinunn Kristjánsdóttir kynnti meistaranámsrannsókn sína

Gunnvör Rósa Eyvindardóttir kynnti starfendarannsókn sína

Hjördís Þorgeirsdóttir og Þóra Víkingsdóttir kynntu leiðsagnarnám og starfendarannsóknir sínar.

Þóra Víkingsdóttir

Verkefnastjóri í starfendarannsóknnum